

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veður-
fregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

37
23. júní

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

38
23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vél-
stjóra til allt að 6 ára í senn. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrést
fyrir hvorn sammingsaðila. Ráðherra getur vikið mönnum þessum frá starfi án
fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brott-
rekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Al-
þingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir
brottvísun.

38

23. júní

2. gr.

Síðari málsliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Um þá starfssamninga, sem skipstjóri og vélameistari gera við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum hinna almennu sjólaga.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný 10. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæður þykja til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðist þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 20—25% til skipshafnar varðskipsins, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup hvers þeirra. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.